

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 2 tbl. 25. árgangur 2020

Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, Vorsýning 2020 sem halda átti helgina 18 – 19. apríl, féll niður sökum samkomubanns ásamt öðrum áður auglýstum opnum húsum hjá félagsmönnum. Við vorum öll orðin spennt að halda Vorsýninguna okkar og opið hús hjá Ingólfi Sigurjónssyni sem eflaust hefði verið mjög gaman að sjá.

Við hjá stjórn FÁT erum að meta stöðuna með framhaldið en öllum sýnist það stefna í að samkomubann og takmarkanir verði áfram út þetta árið og allir sem einn taki þátt í samfélagslegri ábyrgð að kveða niður þessa veiru sem herjar á okkur landsmenn sem aðra.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með á heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Helgar námskeið hjá Jóni Adólf Steinólfssyni

Jón Adólf er ekki af baki dottinn, þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu. Jón Adólf hélt útskurðarnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna helgina 12-13 september síðastliðin. Einungis sex sæti voru í boði og passað var upp á fjarlægðir o.s.frv. Það var bæði skemmtilegt og ánægjulegt að fá að hittast inni á vinnustofu Jóns og njóta leiðsagnar hans sem ávallt eru auðgandi og gefandi.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá námskeiðinu.



Félagsmenn hafa ekki setið auðum höndum heima hjá sér og sumir hverjir verið duglegir að skera út.

Þar sem Brýnið vantar inn myndir og efni frá viðburðum líðandi árs, þá fengum við leyfi til að sýna verk þeirra Hjartar og Júlíusar Ágústs, en Hjörtur og Júlíus eru í stjórn félagsins.



Júlíus þekkja margir fyrir líflega Jólasveina sem hann hefur verið að skera út, en hann tálgar ekki bara Jólasveina. Hérna er nýlegt verk eftir hann sem kalla mætti Sjómenn, mjög skemmtilegt.

Hjörtur tálgar og sker út lágmyndir. Síðasta fullmótaða verkið hans „drengir“ er hérna, skorið út í Lindi.



Mörg eru verkefni útskurða meistara og fáum við hérna sýnishorn af tveimur erlendum verkefnum sem eru í stærri kantinum.

Hæsta tré í Wales hafði skemmst í stormi og átti að höggva það niður. Listamanninum Simon O'Rourke var skipað að höggva niður tréð. Þegar hann sá tréð þá sá hann fyrir sér stóra hönd risa, síðustu tilraun trésins til að ná til himins. O'Rourke þurfti að bæta við tveimur hlutum, þumal fingurinn og litla fingur, þar sem tréð var ekki nógu stórt til að mynda alla höndina. Þegar skúlptúrnum var lokið var hann húðaður með náttúrulegri jurtaolíu. Hæðin er alls 15 metrar!



Árið 2014 var Jón Adólf Steinólfsson í ferð til Dongyang í Kína og fann þetta listaverk!



Dongyang er borg í miðju Zhejiang héraði í Kína, fræg fyrir tréskurð. Það er ein helsta miðstöð tréskurðarframleiðslu frá Ming (1368-1644) og Qing (1644-1911) ættarveldi til nútímans.

Dagsskrá 2020

Dagskrá– 2020

Frestað! 21.3.2020 Opin hús hjá Ingólfi Sigurjónssyni var frestað.

Frekari upplýsingar síðar á heimasíðu félagsins www.treskurdur.is

Frestað! 18 - 19.4 2020 Vorsýning FÁT.

Fylgist með, dagskrá 2020 verður auglýst betur síðar til félagsmanna.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur